12. júní 2020 – frá formanni og framkvæmdastjóra Landssambands smábátaeigenda

Strandveiðar

Staða veiðanna, afleiðingar af yfirvofandi stöðvun veiða í júlí
og úrræði til að tryggja strandveiðar í 48 daga til loka ágúst.

---

1. Alls hafa 597 aðilar hafið strandveiðar – 63 fleiri en á sama tíma í fyrra – 12% fjölgun og heildarafli aukist í samræmi við það um 10%

2. Árið 2019 var heimilt að veiða 11.100 tonn af óslægðum botnfiski, sem hefði getað verið nánast allt þorskur þar sem ufsi var undanskilinn. Nú í ár er þorskurinn hins vegar bundinn við 10.000 tonn.
Breyting á reglugerð milli ára leiddi til skerðingar á heimildum.

3. LS hefur óskað eftir að veiðidagar á strandveiðum verði að lágmarki 48 á árinu 2020, sem er í samræmi við samþykkt aðalfundar 2019. Árin 2018 og 2019 var afli undir viðmiðun og öllum því tryggðir 48 dagar.

4. Vegna Covid-19 faraldurs óskaði LS eftir að veiðitímabilið næði til fleiri mánaða en maí – ágúst. Það hefur ekki náð fram að ganga.

5. LS hefur einnig óskað eftir að auk leiðréttinga (2.) bæti ráðherra við veiðiheimildir. LS bendir á að aukinn afli er fyrst og fremst tilkominn vegna fimmtungs fjölgunar báta á strandveiðum. Líklegasta skýringin á því er gríðarlegt atvinnuleysi meðal þjóðarinnar og mistök sem gerð voru við stjórnun grásleppuveiða.

6. Áætlanir LS gera ráð fyrir að 700 bátar taki þátt í strandveiðum í ár, þeim fjölgi um 80 milli ára.

7. Aflaverðmæti á strandveiðum 2019 nam 3 milljörðum. Alls fóru strandveiðibátar í 16 þúsund sjóferðir það ár. Strandveiðar eru stundaðar frá öllum sjávarplássum landsins – um 60 að tölu.

8. Afli strandveiðibáta í fyrra var 10.265 tonn, þar af þorskur 9.170 tonn. 10 bátar náðu að róa 48 daga, 12 í hverjum mánuði. Afli á hvern bát var að meðaltali 16,5 tonn.

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is

9. Verði veiðiheimildir til strandveiða óbreyttar er allt útlit fyrir við að veiðarnar verða stöðvaðar í lok júlí. Afleiðingar þess er að hundruð sjómanna missir atvinnuna frá þeim degi og annað eins að hluta til, samtímis sem störfum í landi fækkar.

10. Vegna Covid-19 ákvað ráðherra að heimila útgerðum að flytja 25% úthlutaðs aflamarks yfir á næsta fiskveiðiár í stað 15%. LS var meðal þeirra aðila sem kallaði eftir breytingunni. Helsta ástæða þess var að auka líkur á að hærra verð fengist fyrir aflann. Vegna þessa verður heildarafli í þorski á fiskveiðiárinu lægri en búist var við.

11. LS vekur athygli á að þegar aðeins þrír mánuðir eru eftir af fiskveiðiárinu eru óveidd um 62 þúsund tonn af leyfilegum veiðiheimildum í þorski. Það er rúmum níu þúsund tonnum meira en á sama tíma í fyrra, aukning um 18% milli ára.

12. LS hefur ítrekað hvatt sjávarútvegsráðherra að tryggja að ekki komi til stöðvunar veiðanna á tímabili strandveiða.

    Viðbrögð ráðuneytis hafa verið blendin. Fyrst benti það á að ráðherra hefði ekki heimild til þess og síðar að ekki væri til þorskur í 5,3% pottinum.

13. LS hefur bent á eftirfarandi leiðir til að auka við aflaheimildir í þorski og ráðstafa til strandveiða til að komast hjá stöðvun veiðanna:

    a. Ráðherra leiðrétti reglugerð um strandveiðar – 1.000 tonn.

    b. 15% af úthlutuðum þorskafla til strandveiða frá árinu 2019 komi til viðbótar á yfirstandandi vertíð – 1.650 tonn.

    c. 15% af úthlutuðum þorskafla til línuívilnunar frá árinu 2019 komi til viðbótar á yfirstandandi vertíð – 450 tonn.

    d. Ónýttar þorskveiðiheimildir til línuívilnunar á yfirstandandi fiskveiðiári verði nýttar af strandveiðibátum – 600 tonn.

    e. Ónýttar þorskveiðiheimildir til frístundaveiða á yfirstandandi fiskveiðiári verði nýttar af strandveiðibátum – 200 tonn.

Alls eru þetta 3.900 tonn.

LS telur fjölmörg rök mæla með því að viðmiðun til strandveiða verði aukin. Þessi helst.

- Ástandið í þjóðfélaginu hrópar á aukna atvinnu. Um 700 sjómenn hafa tekjur af strandveiðum fyrir sig og sína. Auk þeirra hafa um 200 aðilar tengdir þjónustu, flutningum, vinnslu afla, sölu og útflutningi, atvinnu af veiðum strandveiðibáta.

- Ástandið í þjóðfélaginu hrópar á aukinn gjaldeyri. Ætla má að viðbótarheimildir til strandveiða gefi á annan milljarð í útflutningsverðmæti. Strandveiðar eru gott mótvægi við minnkandi þorskveiði stærri skipa á næstu þremur mánuðum.

- **Atvinnuleysi er böl.**
  Vilji er allt sem þarf til að draga máttinn úr þeim vágesti.

Strandveiðar hafa verið stundaðar frá árinu 2009. Veiðarnar eru gríðarlega mikilvægt innlegg í útgerðarflóru landsins. Auk þess að hafa styrkt stöðu Íslands á alþjóðavettvangi gagnvart athugasemd mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna hafa veiðarnar dregið úr deilum um stjórnkerfi fiskveiða.

Almenn ánægja er meðal þjóðarinnar með strandveiðar og mikilvægi þeirra fyrir hinar dreifðu byggðir.

Auk náttúrulegra aðstæðna veðurs og fiskgengdar á grunnslóð sveiflast heildarafli í takt við fjölda báta. Vegna fjölgunar báta á strandveiðum er útlit fyrir að útgefinn heildarafli náist áður en möguleiki er á 48 veiðidögum, 12 í hverjum mánuði. Þegar slíkt blasir við getur það haft í för með sér óæskilegt kapp til sjósóknar. Aukin áhersla lögð á að nýta hvern einasta dag, að róa í veðrum sem þeir hefðu annars ekki farið á sjó.

Aflaheimildum sem hér hefur verið hvatt til að bætt verði við strandveiðar yrðu ekki frá neinum teknar, að óbreyttu mundu þær því ekki nýtast til verðmæta með veiðum á hamfaraárinu mikla 2020.

Þorlákur Halldórsson formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri